

Hringrás - Reyðarfirði
Klettagörðum 9
104 Reykjavík


Reykjavík, 20. febrúar 2020
UST201904-165/S.M.
08.14.02

Fyrirvaralaust eftirlit á starfstöð Hringrásar á Reyðarfirði

Þann 11. desember sl. fór fram fyrirvaralaust eftirlit á starfstöð Hringrásar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllt


Sigríður Magnúsdóttir


Halla Einarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hringrás Reyðarfirði Reyðarfirði



UMHVERFIS
STOFNUN

Dags eftirlits	11.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Hringrás Reyðarfirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hjallaleiru 12	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5106131390	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Árni Gíslason	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	724227,412 511820,289

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ein ábending var gerð er varðar starfsleyfi rekstraraðila. Samkvæmt fulltrúa fyrirtækisins er ekki tekið við spilliefnum frá viðskiptavinum öðrum en þeim sem berast með bifreiðum og vélum. Í eftirlitinu var staðfest að í geymsluskemmu spilliefnamóttöku starfstöðvarinnar voru aðeins geymd spilliefni sem staðfesta ofangreint, auk spilliefni sem falla til á heimilum eða hjá smærri fyrirtækjum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Í nóvember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir að farið yrði í fyrirvaralaust eftirlit til að skoða hvort starfsemi væri í gangi við spilliefnamóttöku starfstöðvar Hringrásar á Reyðarfirði.

Með. bréfi dags. 21. desember 2016 stöðvaði Umhverfisstofnun starfsemi fyrirtækisins, þ.e. starfsemi sem fram fór skv. starfsleyfi frá Umhverfisstofnun til móttöku spilliefna.

Ekki er búið að aflétta ofangreindri stöðvun starfseminnar né heldur tilkynna formlega um lokun starfseminnar. Eftirlit fór því fram í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og á grunni gildandi starfsleyfis.

Eftirfarandi kom fram á vettvangi:

- Ekki er fastur starfsmaður á starfstöðinni. Hringrás hefur gert samning við Íslenska Gámafélagið um að opna svæðið eftir þörfum. Maður frá Hringrás kemur reglulega til að taka til í efnishaugum.

- Í eftirlitsferðinni kom fram að aðeins sé tekið við spilliefnum sem berast fyrirtækinu með bifreiðum og tækjum sem skilað er til málmamóttöku skv. starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands. Af bifreiðum og vélum er tappað olíu/bensíni í skemmuni auk þess sem rafgeymar eru fjarlægðir. Rafgeymar eru fluttir norður í spilliefnamóttöku Hringrásar á Akureyri.

- Á lóð fyrirtækisins var talsvert af pressuðum og ópressuðum ökutækjum.

- Búið var að taka til í geymsluskemmu spilliefnamóttökunnar frá síðustu vettvangsheimsókn. Eftirfarandi mátti finna í aðstöðunni:

- o Rafgeymar.
- o Prentál.
- o Rafmagnskaplar.
- o Hljóðkútar/hvarfakútar.
- o Kolsýrutæki/dufttæki.
- o Nokkur raftæki.
- o Sandur og salt – notað til hálkuvagnar.
- o Olíur – notað á ökutæki og vinnuvélar starfstöðvar.
- o Díselolía – notuð á ökutæki og vinnuvélar starfstöðvar – geymd í plastbamba merkt saltsýra.
- o Ísogsefni.

- Skráningar og gögn um móttöku og brottflutning spilliefna frá starfsstöðinni eru skráðar og sendar suður til Reykjavíkur á lögheimili starfsleyfishafa. Fram kom að allt efni sem berst inn á lóð Hringrásar er vigtað á hafnarvog Reyðarfjarðar. Að auki kom fram að Hringrás á Reyðarfirði fær kvittanir fyrir skil á spilliefnum, s.s. rafgeymum og úrgangsolíu, og viðskiptavinir fá nótu fyrir skil á úrgangsefnum sem kemur inn á svæðið.

- Fram kom í eftirliti að ef spilliefni eru sótt í fyrirtæki á Austurlandi fara þau beint á spilliefnamóttöku Hringrásar á

Akureyri og koma ekki við á starfstöð Hringrásar á Reyðarfirði. Spilliefnin eru samt sem áður skráð frá hvaða svæði þau koma.

Sýni úr spilliefnaþró var tekið 30. október sl., auk tveggja fráveitusýna aftan við olíuskiljur starfstöðvarinnar.

ÁBENDINGAR


Í gildi eru tvö starfsleyfi fyrir Hringrás að Hjallaleiru 12 á Reyðarfirði. Annars vegar starfsleyfi fyrir spilliefnamóttöku frá Umhverfisstofnun og hins vegar starfsleyfi fyrir móttöku málma og dekkja til endurvinnslu frá Heilbrigðisnefnd Austurlands. Fyrri leyfið hefur gildistíma til 1. september 2020.

Hafi fyrirtækið áform um að hætta rekstri spilliefnamóttöku þarf að senda Umhverfisstofnun formlegt erindi þar um og óska eftir niðurfellingu starfsleyfis stofnunarinnar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.02.2020



Sigríður Magnúsdóttir